Messur



Guðsþjónustur sunnudaginn 12. nóvember 1989.
Reykvíkingar, Kópavogsbúar, Seltirningar:
Munum kristniboðsdaginn 12. nóvember. Fjölmennum í guðsþjónustur dagsins og styðjum störf íslenskra kristniboða. Dómprófastur.
Árbæjarprestakall: Barnasamkoma kl. 11 árdegis. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson. Guðsþjónusta kl. 14. Organleikari Jón Mýrdal. Kristniboðsdagurinn. Tekið á móti framlögum til kristniboðsstarfsins í messulok. Öllu eldra fólki safnaðarins sérstaklega boðið til guðsþjónustunnar. Samvera eldra fólks í safnaðarheimili kirkjunnar eftir messu. Dagskrá og kaffiveitingar í umsjá Kvenfélags Árbæjarsóknar. Öldrunarstarf í safnaðarheimili Árbæjarkirkju: Þriðjudagur: Leikfimi eldri borgara kl. 14. Miðvikudagur: Opið hús í safnaðarheimilinu frá kl. 13.30. Fyrirbænastund kl. 16.30. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.
Áskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Munið kirkjubílinn. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.
Breiðholtskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Daníel Jónasson. Tekið á móti gjöfum til starfs Sambands íslenskra kristniboðsfélaga. Þriðjudagur: Bænaguðsþjónusta kl. 18.30. Altarisganga. Laugardagur: Biblíulestur kl. 10.30 árdegis í umsjá sr. Jónasar Gíslasonar vígslubiskups. Sr. Gísli Jónasson.
Bústaðakirkja: Barnamessa kl. 11. Guðrún Ebba Ólafsdóttir. sr. Pálmi Matthíasson. Guðsþjónusta kl. 14. Kristniboðsdagurinn. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Einsöngur Þórður Jónsson. Eftir messu verður fundur með foreldrum fermingarbarna. Félagsstarf aldraðra miðvikudag e.h. Æskulýðsfundur miðvikudagskvöld kl. 20. Sr. Pálmi Matthíasson.
Digranesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14. Kirkjufélagsfundur í safnaðarheimilinu fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sr. Þorbergur Kristjánsson.
Dómkirkjan: Laugardagur 11. nóv. Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Egill Hallgrímsson. Kl. 14, basar kirkjunefndarkvenna Dómkirkjunnar (KKD) í Casa Nova. Kórtónleikar Dómkórsins kl. 17. Sunnudagur 12. nóv. kl. 11. Prestsvígsla. Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, vígir Braga J. Ingibergsson til Siglufjarðarprestakalls í Eyjafjarðarprófastsdæmi og Eirík Jóhannsson til Skinnastaðaprestakalls í Þingeyjarprófastsdæmi. Vígsluvottar sr. Ingibergur Hannesson prófastur, sem lýsir vígslu, sr. Birgir Snæbjörnsson prófastur, sr. Örn Friðriksson prófastur og sr. Vigfús Þór Árnason. Altarisþjónustu annast sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson, Dómkirkjuprestur. Mikill tónlistarflutningur verður við athöfnina. Auk Dómkórsins syngur Barnakór Kársnesskóla undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands leika. Elín Sigurvinsdóttir óperusöngkona syngur einsöng. Organisti og stjórnandi Marteinn Hunger Friðriksson. Kl. 17. Tónleikar. Flytjendur: Margrét Bóasdóttir, einsöngur, Árni Arinbjarnarson, einleikur á orgel, Joseph Ognibene, einleikur á horn. Dómkórinn syngur, stjórnandi Marteinn Hunger Friðriksson.
Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Ólafur Jóhannsson prédikar og þjónar fyrir altari. Organisti Kjartan Ólafsson.
Fella- og Hólakirkja: Sunnudagur: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Umsjón Ragnheiður Sverrisdóttir. Messa kl. 14, prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Organisti Guðný M. Magnúsdóttir. Mánudagur: Æskulýðsfundur kl. 20.30. Þriðjudagur: Starf fyrir 12 ára börn kl. 17–18. Miðvikudagur: Guðsþjónusta kl. 20 með léttum söng sem Þorvaldur Halldórsson söngvari sér um. Sóknarprestar.
Grafarvogsprestakall: Barnamessa kl. 11 í Félagsmiðstöðinni Fjörgyn við Foldaskóla. Sunnudagspóstur-söngvar. Skólabíll fer frá Hamrahverfi kl. 10.45. Sr. Vigfús Þór Árnason.
Grensáskirkja: Sunnudagur 12. nóv. Barnasamkoma kl. 11. Messa kl. 14. Orgelleikari Árni Arinbjarnarson. Mánudagur 13. nóv. Fundur Kvenfélagsins kl. 20.30. Miðvikudagur 15. nóv. Hádegisverðarfundur eldri borgara kl. 11. Föstudagur 17. nóv. Unglingastarf fyrir 10–12 ára börn kl. 17. Laugardagur: Biblíulestur, og bænastund kl. 10. Prestarnir.
Hallgrímskirkja: Laugardagur 11. nóv. Samvera fermingarbarna kl. 10. Sunnudagur 12. nóv. Kristniboðsdagurinn. Messa og barnasamkoma kl. 11. Sr. Kjartan Jónsson kristniboði prédikar. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Kristniboðssýning í forkirkju. Hádegisverður eftir messu. Kvöldmessa með altarisgöngu kl. 17. Sr. Sigurður Pálsson. Þeir sem vilja bílfar hringi í Hallgrímskirkju í síma 10745 eða 621475. Þriðjudagur 14. nóv. Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.
Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.


Háteigskirkja: Morgunmessa kl. 10. Sr. Tómas Sveinsson. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Kirkjubíllinn fer um Hlíðarnar fyrir og eftir barnaguðsþjónustuna. Hámessa kl. 14. Sr. Arngrímur Jónsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18. Prestarnir.
Hjallaprestakall: Barnamessa kl. 11 í Digranesskóla. Kl. 10.30 hefst föndurstund. Messa kl. 14 í Digranesskóla. Altarisganga. Fermingarbörn aðstoða. Allir velkomnir. Sr. Kristján Einar Þorvarðarson.
Kársnesprestakall: Fjölskylduguðsþjónusta í Kópavogskirkju 11. Væntanleg fermingarbörn úr kór Kársnesskólans syngja. Samvera aldraðra í safnaðarheimilinu Borgum nk. fimmtudag eftir hádegi. Sr. Árni Pálsson.
Langholtskirkja: Kirkja Guðbrands biskups. Sunnudagur 12. nóv. Óskastund barnanna kl. 11. Söngur-sögur-myndir. Jón og Þórhallur sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Molakaffi í safnaðarheimilinu eftir stundina. Miðvikudagur 15. nóv. kl. 17. Æskulýðsstarf 10–12 ára barna. Sr. Þórhallur Heimisson.
Laugarneskirkja: Laugardagur 11. nóv. Guðsþjónusta í Hátúni 10B, 9. hæð, kl. 11. Sunnudagur 12. nóv. Guðsþjónusta kl. 11. Kristniboðsdagurinn. Börn úr 10–12 ára starfi kirkjunnar koma fram í guðsþjónustunni og hafa sýningu á því sem þau hafa verið að gera í vetur í safnaðarheimilinu eftir guðsþjónustuna. Foreldrar barnanna í barnastarfinu eru því sérstaklega boðnir velkomnir í kirkju. Þriðjudagur 14. nóv. Samtökin um sorg og sorgarviðbrögð hafa opið hús í safnaðarheimilinu kl. 20–22. Helgistund í kirkjunni kl. 22. Fimmtudagur 16. nóv.: Kyrrðarstund í hádeginu kl. 12. Organleikur, altarisganga og fyrirbænir. Léttur hádegisverður í safnaðarheimilinu á eftir. Barnastarf fyrir 10–12 ára börn kl. 17.30 í safnaðarheimilinu. Æskulýðsstarf kl. 20. Sóknarprestur.

Neskirkja: Laugardagur 11. nóv. Samverustund aldraðra kl. 15 í safnaðarheimili kirkjunnar. Guðrún Jónsdóttir syngur einsöng. Upplestur. Munið kirkjubílinn. Sunnudagur 12. nóv.: Barnasamkoma kl. 11 í umsjón Sigríðar Óladóttur. Guðsþjónusta kl. 14, sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Munið kirkjubílinn. Eftir guðsþjónustuna flytur Hjalti Hugason dósent fyrra erindi sitt um trú og trúarlíf Íslendinga fyrr á tímum. Kaffiveitingar. Mánudagur: Barnastarf 12 ára kl. 17.30. Æskulýðsstarf 13 ára og eldri kl. 19.30. Þriðjudagur: Barnastarf 10–11 ára kl. 17. Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Öldrunarþjónusta: Hárgreiðsla og fótsnyrting í safnaðarheimili kirkjunnar frá kl. 13–17, sími 16783. Fimmtudagur: Opið hús fyrir aldraða í safnaðarheimilinu frá kl. 13–17. Leikið verður á orgel í kirkjunni frá kl. 17.30 á fimmtudögum.
Seljakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Samskot verða tekin til kristniboðsins. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Mánudagur 13. nóv. Morgunstund verður í Seljahlíð kl. 10. Barna- og unglingastarf Seljakirkju: Fundur æskulýðsfélagsins mánudag kl. 20.30. Fundir í KFUK mánudag, yngri deild kl. 17.30, eldri deild kl. 18.30. Fundur í KFUM miðvikudag, yngri deild kl. 18.30, eldri deild kl. 20. Sóknarprestur.

Seltjarnarneskirkja: Fjölskyldumessa kl. 11. Barnastarf á sama tíma. Umsjón hafa Adda Steina, Sigríður og Hannes. Organisti Gyða Halldórsdóttir. Prestur Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir. Erindi dr. Sigurbjörns Einarssonar um trú og trúarlíf eftir messu og léttan hádegisverð. Umræður á eftir. Mánudagur: Fyrirbænastund kl. 17. Æskulýðsfundur kl. 20.30. Þriðjudagur: Opið hús fyrir 10–12 ára börn kl. 17.30. Fimmtudagur: Opið hús fyrir foreldra yngri barna kl. 14–17. Takið börnin með. Fimmtudagur: Samkoma kl. 20.20. Léttur söngur og fyrirbænir. Þorvaldur Halldórsson stjórnar söngnum. Allir velkomnir. Sóknarnefnd.
Óháði söfnuðurinn: Miðdegissamkoma kl. 15 (ath breyttan tíma). Jóhanna Linnet syngur einsöng. Kirkjukaffi á eftir.
Fríkirkjan í Hafnarfirði: Barnasamkoma kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Orgel og kórstjórn Kristjana Þ. Ásgeirsdóttir. Fræðslustund í safnaðarheimilinu miðvikudagskvöld kl. 20. Einar Eyjólfsson.
Eyrarbakkakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 10.30. Sóknarprestur.
Gaulverjabæjarkirkja: Messa kl. 14. 80 ára afmæli kirkjunnar. Sr. Jónas Gíslason vígslubiskup prédikar og fyrrverandi sóknarprestar taka þátt í guðsþjónustunni ásamt sóknarpresti. Kaffiveitingar eftir messu. Sóknarprestur.

Kjarvalsstaðir:

Þrjár sýningar



Sveinn Björnson sýnir í vesturforsal Kjarvalsstaða.

Þrjár sýningar eru í gangi á Kjarvalsstöðum, sýningar sem hafa verið þar síðan 28. október. Sveinn Björnsson málari sýnir í vesturforsal. Á sýningu hans eru málverk, skúlptúrar og fleiri verk. Sýningu Sveins lýkur á sunnudaginn.

Sýning Kristínar Ísleifsdóttur lýkur einnig á sunnudag. Sýnir hún 80 verk unnin í leir á síðastliðnum tveimur árum. Sýningu Kristínar lýkur einnig á sunnudaginn.

Þá stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning á verkum norska málarans Arvid Pettersen í austursal. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 11–18 og er veitingastofan opin á sama tíma.

Kirkjubæjarklaustur:

Verk Guðrúnar forseta og Þórarins Eldjárn kynnt

Valgeir Ingi Ólafsson, DV, Klaustri:

Leikdeild Ungmennafélagsins Ármanns á Kirkjubæjarklaustri og Leikfélag Hornafjarðar efna til sameiginlegrar skemmtunar á Hofgarði í Öræfum þann 11. nóvember nk. Að þessu sinni kynna félögin tvö skáld, þau Þórarin Eldjárn og Guðrúnu Helgadóttur, með söng, upplestri og leik úr verkum þeirra. Að lokinni 2ja tíma dagskrá verður síðan stiginn dans fram eftir nóttu við undirleik hljómsveitar Hauks Þorvaldssonar frá Höfn í Hornafirði.

Að sögn Jónu Sigurbjartsdóttur, formanns leikdeildar Ármanns, hafa æfingar á dagskránni, sem í þeirra höndum er, staðið í nokkurn tíma og gengið vel. Félögin deildu með sér verkefninu þannig að leikdeild Ármanns tekur að sér að kynna Guðrúnu en Leikfélag Hornafjarðar kynnir Þórarin Eldjárn.

Hugmyndin að bandalagsdeginum varð til á aðalfundi Bandalags ísllleikfélaga vorið 1988 og var þá ákveðið að áhugaleikfélögin um allt land helguðu annan laugardag í nóvember ár hvert áhugaleiklistinni og því starfi sem þau vinna hvert á sínum stað, m.a. með dagskrá í sínu heimahéraði, samvinnu við önnur leikfélög og ýmsu öðru sem viðkomandi félög teldu að vakið gæti athygli á því mikla menningarstarfi sem fram fer á vegum félaganna.

Blómlegt leiklistarstarf er hér á Klaustri. Í Kirkjubæjarskóla starfar leiklistarklúbbur sem í eru rúmlega 20 nemendur á aldrinum 11 til 16 ára. Vinna þeir ýmis verkefni tengd leikrænni tjáningu, raddbeitingu, hreyfingum. Einnig kynnt förðum.

Eftir áramót ætlar leikdeild ungmennafélagsins síðan að setja leikrit á svið en ekki er endanlega búið að velja verkefnið. Æfingar munu hefjast fljótt eftir áramót.

Korpúlfsstaðir.

Sýning Myndhöggvarafélagsins

Um nokkurra ára skeið hefur Myndhöggvarafélagið haft starfsaðstöðu á Korpúlfsstöðum og hafa félagsmenn smám saman skapað sér aðstöðu sem tvímælalaust hefur verið höggmyndalistinni lyftistöng. Um helgina lýkur sýningu á verkum félagsmanna á Korpúlfsstöðum. Verður hún opin á laugardag og sunnudag kl. 13–18.

Myndhöggvarafélagið hélt síðast sýningu að Korpúlfsstöðum 1985 og þar áður 1980 í sambandi við Listahátíð. Félagsmenn, sem nú eru fimmtíu og tveir, hafa í tilefni þessarar sýningar hreinsað stóra salinn af öllum tækjum og vélum og málað hann upp á nýtt.



Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur íslensk og erlend ljóð.

Sigríður Ella Magnúsdóttir og Geoffrey Parsons

Ljóðatónle

Sigríður Ella Magnúsdóttir messósópran og Geoffrey Parsons pianóleikari munu halda ljóðatónleika í Íslensku óperunni sunnudaginn 12. nóvember kl. 15. Á efnisskránni eru íslensk og erlend ljóð, meðal annars eftir Haydn, Schubert, Delius, Sibelius, Sigvalda Kaldalóns og Árna Thorsteinsson.

Sigríður Ella hefur tekið virkan þátt í íslensku tónlistarlífi á undanförnum árum í óperum, óratoríum og ljóðasöng. Hún er búsett í London og hefur sungið mikið á Bretlandseyjum og á meginlandi Evrópu á síðustu misserum.

Undirleikari Sigríðar Ellu að þessu sinni er hinn heimsþekkti pianóleikari, Geoffrey Parsons. Á tónlistarferli sínum hefur hann unnið með mörgum stórsöngvurum, svo sem Victoriu de los Angeles, Elisabeth Schwarzkopf, Birgit Nilsson og Hans Hotter. Parsons hefur leikið inn á fjölmargar hljómplötur og

Ásmundarsalur:

Grafík- og þurrkrítar

Sýningu Aðalheiðar Valgeirsdóttur á grafík- og þurrkrítarmyndum í Ásmundarsal við Freyjugötu lýkur um helgina.

Á sýningunni eru þrjátíu og sex verk, fimmtán þurrkrítarmyndir og tuttugu og ein dúkrista. Verkin eru öll unnin á þessu ári.

Aðalheiður er fædd 1958. Hún lauk prófi frá Myndlistar- og handíðaskóla Íslands, grafíkdeild, 1982. Þetta er fyrsta

Tilkynningar

Húnvetningafélagið

Félagsvist á morgun, laugardag, kl. 14 í Húnabúð, Skeifunni 17. Fjögurra daga keppni að hefjast. Verðlaun og veitingar. Allir velkomnir.

Borgfirðingafélagið í Reykjavík

Spiluð verður félagsvist að Hótel Lind laugardaginn 11. nóvember. Byrjað verður að spila kl. 14.